

ÞJÓÐARPÚLS GALLUP


Október 2025

Ferðalög í sumar

Utanlandsferðir

Hátt í þrír af hverjum fimm landsmönnum fóru til útlanda í sumar. Áratuginn fram að heimsfaraldri höfðu ferðalög landsmanna til útlanda verið að aukast en síðustu ár hafa þau haldist svipuð ef frá eru talin árin sem heimsfaraldurinn geisaði og utanlandsferðir lágu nánast niðri um tíma.

Ferðaðist þú eitthvað til útlanda í sumar?



Íbúar höfuðborgarsvæðisins ferðuðust frekar til útlanda en íbúar landsbyggðarinnar. Fólk með meiri menntun en minni fór frekar til útlanda og fólk með hærri fjölskyldutekjur en lægri. Þau sem kysu Samfylkinguna, Sjálfstæðisflokkinn eða Viðreisn ef kosið yrði til Alþingis í dag eru um tvöfalt líklegri til að hafa farið til útlanda í sumar en þau sem kysu Flokk fólksins eða Framsóknarflokkinn.

Greiningar


Búseta *




Menntun *



Fjölskyldutekjur *



Ef kosið yrði til Alþingis í dag, hvaða flokk eða lista myndirðu kjósa/líklegast kjósa? *




* Marktækur munur á milli hópa

Ferðalög innanlands

Nær sjö af hverjum tíu landsmönnum ferðuðust innanlands í sumar. Það er svipað hlutfall og síðasta áratug ef frá er talinn tíminn þegar heimsfaraldur stóð sem hæst og ferðalög landsmanna innanlands jukust.

Ferðaðist þú eitthvað innanlands í sumar?




Fólk undir fimmtugu ferðaðist frekar innanlands í sumar en eldra fólk. Þau sem kysu Viðreisn, Framsóknarflokkinn eða Samfylkinguna ef kosið yrði til Alþingis í dag ferðuðust frekar innanlands en þau sem kysu aðra flokka. Þau sem kysu Flokk fólksins eru ólíklegri til að hafa ferðast innanlands en þau sem kysu aðra flokka.

Greiningar



Ef kosið yrði til Alþingis í dag, hvaða flokk eða lista myndirðu kjósa/líklegast kjósa? *




* Marktækur munur á milli hópa

Gistinætur

Fólk gisti að meðaltali 15 nætur á ferðalögum sínum til útlanda og 9 nætur á ferðum sínum innanlands. Það er svipað og síðustu ár ef frá er talið í heimsfaraldrinum þegar þeir fáu sem fóru til útlanda dvöldu almennt lengur þar en venjulega.

Meðalfjöldi gistingu ...



Spurt var:

- Ferðaðist þú eitthvað til útlanda í sumar?
- Ferðaðist þú eitthvað innanlands í sumar?
- Hversu margar nætur gistir þú samtals á ferðalögum þínum innanlands í sumar?
- Hversu margar nætur gistir þú samtals í útlöndum í sumar?

Niðurstöður sem hér birtast eru úr netkönnun Gallup sem gerð var dagana 18. september til 2. október 2025. Heildarúrtaksstærð var 1.748 og þátttökuhlutfall var 46,8%. Einstaklingar í úrtaki voru handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Gallup.

Notkun á efni Þjóðarpúls Gallup og tilvitnun í það er heimil svo lengi sem heimilda er getið.

Útgefið af: Gallup - Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík. Sími: 540 1200. Netfang: sigrun.drifa@gallup.is.

Umsjón með útgáfu: Sigrún Drífa Jónsdóttir.

Ábyrgðarmaður: Guðni Rafn Gunnarsson © Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. © Gallup á Íslandi 2015. Allur réttur áskilinn.